

Ráðunautar félagsins færa ættbækur um íslenzk búfjáarkyn, eftir þeim reglum, er um það verða settar.

62. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í lögum þessum, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1970. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og reiknar hún hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

63. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd þessara laga.

64. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara varðandi hreppa og hreppsnefndir taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

65. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 21 frá 24. apríl 1965.

Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kíló-

watta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði áнна til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Dingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan Þjóðvegarsins vestur á Snæfellsnes.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.